

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 308

Dagsetning: 25. mars 2025

Fundartími: 08:15 – 10:16

Fundarstaður: Fundarsalur NO 4. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þórhallur Jónsson
Þróstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi

Fjarverandi

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri
Hrönn Brynjarsdóttir, gæðastjóri

Gestir

Þorsteinn G. Þorsteinsson

Dagskrá fundar

- Ársreikningur Norðurorku hf. 2024.
- Gæðakerfi Norðurorku.
- Erindi frá Grýtubakkahreppi varðandi Reykjaveitu.
- Launamál stjórnarfólks.
- Hluthafafundur fyrir aðalfund.
- Önnur mál.

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Ársreikningur Norðurorku hf. 2024

Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur Norðurorku hf. fyrir rekstrarárið 2024. Ársreikningur Norðurorku er samstæðureikningur með dótturfélaginu Fallorku ehf. Þorsteinn G. Þorsteinsson endurskoðandi fór yfir ársreikninginn og skýrði hann. Einnig fór hann yfir endurskoðunarskýrslu. Áritun endurskoðanda á ársreikning er án fyrirvara. Ákveðið var að leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2025. Aðalfundur félagsins verður haldinn miðvikudaginn 9. apríl kl. 14:00 í Menningarhúsinu Hofi.

Stjórn samþykkir ársreikninginn með áritun sinni og að leggja hann fyrir aðalfund Norðurorku hf. Jafnframt samþykkir stjórn að leggja fyrir aðalfund ofangreinda tillögu um að ekki verði greiddur arður á árinu 2025.

2. Gæðakerfi Norðurorku hf.

Norðurorka er með gæðavottun sem uppfyllir kröfur ISO 9001 gæðastaðalsins og úttektir óháðra vottunaraðila. Gæðastjóri Norðurorku kynnti gæðakerfi fyrirtækisins og þær reglubundnu úttektir og gæðaeftirlit sem kerfið felur í sér.

Til upplýsingar. Stjórn þakkar gæðastjóra fyrir góða og upplýsandi kynningu á fundinum.

3. Erindi frá Grýtubakkahreppi vegna Reykjaveitu

Áheyrnafulltrúi, sem er sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, vék af fundi undir þessum lið. Fjallað um erindi frá Grýtubakkahreppi dags. 11.02.2025, varðandi Reykjaveitu. Forstjóri lagði fram gögn í samræmi við umræður á síðasta stjórnarfund, fór yfir málið og efnisatriði þess. Endurskoðandi og fjármálastjóri sátu fundinn undir þessum lið og tóku þátt í umræðum stjórnar.

Forstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

4. Launamál stjórnarfólks

Stjórn hélt áfram umræðu um stjórnarlaun. Forstjóri lagði fram gögn í samræmi við umræður síðasta stjórnarfundar um málið.

Meirihluti stjórnar leggur til við aðalfund að stjórnarlaun verði kr. 150.000,- fyrir aðalmann, laun stjórnarformanns tvöföld sú upphæð og laun varamanns kr. 75.000,- fyrir setinn fund. Sóley Björk Stefánsdóttir greiddi atkvæði gegn tillögunni. Samþykkt var einróma að setja á stofn kjaranefnd innan fyrirtækisins sem eftirleiðis mun gera tillögu um stjórnarlaun til aðalfundar. Forstjóra falið að undirbúa þá vinnu.

5. Eigendafundur fyrir aðalfund

Umræða um dagskrá og efnistöð á eigendafundi sem haldinn verður næsta fimmtudag.

Fundurinn er undirbúningur fyrir aðalfund og er vettvangur til að ræða m.a. þau mál sem þarf að afgreiða á aðalfundi. Dagskrárefni eigendafundar eru ársreikningur, starfskjarastefna NO, stjórnarlaun og önnur mál.

Til umræðu.

6. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:16